

Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um sérfræðiteymi um aðgerðir
til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk.

Frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur.

- Hversu mörg mál hafa komið til skoðunar hjá sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk síðastliðin fimm ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum og þeim aðila sem frumkvæði hafði að athuguninni, þ.e. heilbrigðisstofnun eða þjónustuveitandi sjálfur, hinn fatlaði einstaklingur, talsmaður eða réttindagæslumaður o.fl.
- Hefur sérfræðiteymið gefið út einhverjar almennar leiðbeiningar og/eða staðið að þjálfun starfsfólks þjónustuveitenda, ýmist að eigin frumkvæði eða í kjölfar atviks sem teymið hefur haft til umfjöllunar?
- Hversu margar beiðnir um undanþágur hafa komið til umsagnar teymisins síðastliðin fimm ár?

Skriflegt svar óskast.